



Valgreinar fyrir
8., 9. og 10. bekk
skólaárið 2018-2019

Lýsingar á valgreinum

Efnisyfirlit

Valgreinar innan Síðuskóla fyrir 8. – 10. bekk.....	4
Bíó og bækur	4
Enskuval.....	4
Fatagerð	4
Hönnun og smíði - nytjalist valgrein.....	4
Íþróttaval og hreysti	5
Myndmennt og leir.....	5
Stuðningur við bóknám	5
Skólahreysti	6
Upplýsingatækni.....	6
Sameiginlegar valgreinar grunnskólanna á Akureyri.....	7
Aðhlygning og umönnun (IGK 1712) fyrir 9.-10. bekk í VMA.....	7
Blak fyrir 8. – 10. bekk.....	7
Boltaíþróttir fyrir 8. – 10. bekk.....	7
Borðspil fyrir 8. – 10. bekk.....	7
Crossfit fyrir 8. – 10. bekk.....	8
Félagsmálafræði (félagsmiðstöðvarnar) fyrir 9. og 10. bekk.....	8
Fluguhnýtingar og stangveiði fyrir 8. – 10. bekk	9
Franska fyrir 8.-10. bekk.....	9
Handverk og hönnun fyrir 8. - 10. bekk.....	10
Hársnyrtiiðn í VMA fyrir 9. – 10. bekk	10
Heilsurækt á Bjargi fyrir 9. – 10. bekk	11
Heimspeki fyrir 8. – 10. bekk.....	11
Hetjur og skúrkar fyrir 8.-10. bekk	11
Hjólaval fyrir 8. – 10. bekk.....	12
Hönnunar- og tæknismiðja fyrir 9. og 10. bekk.....	12
Iðnir og tækni - Slippurinn - fyrir 9. og 10. bekk.....	12
Körfuboltaskóli fyrir 8. – 10. bekk	13
Leður, leir og mósaik fyrir 8. – 10. bekk.	13
Leiklist fyrir 8. - 10. bekk	14
Líkamsrækt fyrir 9. og 10. bekk	14
Ljósmyndun – myndvinnsla	14
Margmiðlun og snjalltæki fyrir 8. – 10. bekk.....	15
Náttúrufræði/Raungreinar (verkl.) fyrir 9.-10. bekk	16

Rafiðnir (IGK1812) fyrir 9. og 10. bekk. Kennt á vorönn í VMA.....	16
Rúllur, bolti, teygjur, slökun fyrir 8.-10. bekk.....	17
Skák fyrir 8.-10. bekk.....	17
Skíði og bretti í Hlíðarfjalli fyrir 8.-10. bekk.....	17
Skrautskrift fyrir byrjendur.....	17
Spænska I fyrir 8. – 10. bekk	18
Spænska II fyrir 8. – 10. bekk	18
Stjörnu- og jarðfræði 8.-10. bekk	19
Tauprykk og fatalitun fyrir 8. – 10. bekk	19
Tónlist í tölvu / i-pad	19
Tréiðnir (IGK1712) fyrir 9. og 10. bekk í VMA.	20
Yoga fyrir 8. og 10. bekk.....	20
Þjónusta/framreiðsla fyrir 9. og 10. bekk í VMA.	21

Valgreinar innan Síðuskóla fyrir 8. – 10. bekk

Bíó og bækur

Fjallað verður um kvikmyndir og bókmenntir. Nemendur lesa skáldsögur og horfa á kvikmyndir sem gerðar hafa verið eftir þeim. Fjallað verður um efnið og bornar saman mismunandi áherslur í mynd og bók. Reynt verður að velja efni frá mismunandi tímabilum og löndum. Nemendur þurfa að tjá sig bæði munnlega og skriflega um efnið.

Námsefni: Íslenskar og þýddar skáldsögur og kvikmyndir. Að hluta til valið í samráði við nemendur.

Námsmat: Áhugi og frammistaða í kennslustundum auk verkefnaskila.

Enskuval

Enska fyrir þá sem standa nokkuð vel í ensku og hafa áhuga á að auka þekkingu sína á henni.

Unnið verður með bókmenntir, kvikmyndir auk alls konar ítarefnis frá kennara. Lögð verður áhersla á lestur og að nemendur geti tjáð sig í ræðu og riti á ensku. Einnig verður lögð áhersla á að þjálfar nemendur í að hafa samskipti á ensku.

Ekki verður farið sérstaklega í málfræði eða unnið með kennslubækur eins og í bekkjartímum.

Námsmat: Áhugi og frammistaða í kennslustundum auk verkefnaskila.

Fatagerð

Í fatagerð velur þú einfalda flík úr blaði, bók eða af netinu sem þú sauma eða prjónar. Þú mátt líka koma með flík að heiman og breyta henni og/eða laga. Þú byggir ofna á þann grunn sem þú hefur þegar lært í textílmennt og æfir þig í allskonar praktískum hlutum sem geta gagnast þér í framtíðinni. Ef tími vinnst til er frjáls vinna með þau efni og tæki sem textílstofan býður uppá.

Kenndar verða 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Námsmat tekur mið af völdum hæfniviðmiðum aðalnámskrár og eftirfarandi lykilhæfnipáttum: virkni í samvinnu, þrautseigju, sjálfstæði og ábyrgð. Almenn færni verður metin og verkefnaskil.

Hönnun og smíði - nytjalist valgrein

Í þessum valáfanga gefst nemendum kostur á að vinna með mismunandi efni og útbúa eigulega hluti til að bæta og skreyta sitt nánasta umhverfi. Áfanginn á að auka þeirra verklegu færni og vekja áhuga á hönnun og verklegu námi. Áhersla verður lögð á að nota við sem fellur til við grisjun skóga s.s. birki, greni og lerki svo dæmi sé tekið. Verkefni eru af ýmsum toga allt frá hefðbundinni smíðavinnu til vinnu með leir, gler og málma. Nemendur eiga því að geta fundið sér farveg sem hentar þeirra áhuga og getu. Takmörk eru fyrir stærð og kostnaði við hvert verkefni.

Námsmat: Símat fyrir hegðun, vinnusemi, vandvirkni og umgengni gildir 40% á móti verkefnum sem gilda 60%.

Íþróttaval og hreysti

Íþróttaval 2018 - 2019 verður fjórskipt.

Í fyrsta lagi verða tímar í íþróttahúsi þar sem nemendur skipuleggja tímana og skila inn tímaseðlum. Lögð verður áhersla á að nemendur reyni að hafa tímana fjölbreytta og stjórnari öðrum nemendum (með hjálp kennara). Nemendur skipuleggja upphitun, aðalþátt og niðurlag - teygjur eða annað.

Í öðru lagi verða allir nemendur settir á dómara námskeið í tveimur íþróttagreinum. Handbolta, fótbolta eða körfubolta, eða öðru sem tekst að græja eftir hugmyndum nemenda. Nemendur geta þá nýtt sér þau námskeið til að vinna í sínu félagi með því að dæma.

Í þriðja lagi verður reynt að hafa samband við félög sem stunda óhefðbundnar íþróttir og reynt að fá að koma á æfingu hjá þeim og prófa eitthvað nýtt.

Í fjórða lagi verða tvær skipulagðar útivistarferðir. Annars vegar fjallganga og hins vegar skíðaganga. Tímar sem fara í dómara námskeið, útivist og að prófa íþróttagreinar verða taldir og hættir valgreinin fyrir sem því nemur.

Námsmat. Stjórnun og uppsetning á tíma. Þátttaka í tímum sem aðrir nemendur stjórna. Þátttaka í öðrum hlutum íþróttافرæðinnar.

Myndmennt og leir

Í þessum valáfanga verður boðið upp á fjölbreyttar aðferðir til myndsköpunar. Lögð er áhersla á eigin sköpun og frumkvæði nemenda og verkefnaval fjölbreytt. Nemendur vinna dagbók/skissubók þar sem þeir sýna og útskýra vinnuferli frá hugmynd að lokaverki.

Námsmat: Árangur verður metinn eftir ástundun, virkni í tímum, framförum og áhuga.

Stuðningur við bóknám

Í stuðningi bið bóknámi vinna nemendur að því að efla þekkingu sína og færni í bóklegum greinum s.s. stærðfræði, tungumálum og því sem þeir þurfa aðstoð við. Tímarnir eru hugsaðir sem stuðningur við námsefni unglíngadeildar. Nemendur fá kennslu og frekari þjálfun í því námsefni sem unnið er með og jafnframt er lögð áhersla á upprifjun og kennslu.

Námsmat: Verkefni og vinnusemi í kennslustundum metin.

Skólahreysti

Val í „Skólahreysti“ er fyrir þá nemendur sem hafa mikinn áhuga á íþróttum/líkamsrækt, vilja tileinka sér heilbrigðan lífsstíll og taka þátt í undirbúningi fyrir Skólahreysti, hvort sem þau vilja sjálfir taka þátt í Skólahreysti eða efla og styrkja sjálfan sig.

Aðalmarkmiðið er að nemendur auki vitund sína varðandi eigin heilsu og heilbrigða lífshætti og þjálfist í því að bera ábyrgð á eigin heilsu, með því að tileinka sér markvissa ástundun íþróttanna eða líkams- og heilsuræktar, mikilvægi hollrar fæðu, nægjanlegs svefns og jákvætt viðhorfs.

Nemendur læri meira um þol, styrk, snerpu og kraft og æfa sig í þessum þáttum til að öðlast á markvissan hátt líkamshreysti og þrek. Farið verður í gegnum þrautir úr Skólahreysti og nemendur undirbúnir sem mögulegir fulltrúar skólans í Skólahreystikeppninni í framtíðinni.

Námsmat: Virkni og áhugi í kennslustundum.

Upplýsingatækni

Í upplýsingatækni 2018 - 2019 verður nemendum kennt að nota ýmis konar hugbúnað sem nýtist í námi. T.d. verða kynnt forrit til að halda utan um nám, til að reikna út kostnað við ýmsa hluti, forrit sem hægt er að nota við kynningar, forrit til að kanna þekkingu og fleira sem gott er að kunna. Aðalatriðið til að byrja með verður að kynna mismunandi forrit og nemendur fá svo tækifæri til að koma með óskir um hvað verður tekið fyrir.

Námsmat. Kunnátta í notkun þeirra forrita sem verður unnið með.

Sameiginlegar valgreinar grunnskólanna á Akureyri

Aðhlygning og umönnun (IGK 1712) fyrir 9.-10. bekk í VMA.

Markmið: Að nemandinn kynnist námi sjúkraliða og störfum þeirra.

Farið er yfir nokkra verkþætti í hjúkrun og umönnun s.s. umbúnað í rúmi, mæla blóðþrýsting, lífsmörk, aðstoð við athafnir daglegs lífs og fá upplýsingar um störf sjúkraliða, stuðningsfulltrúa og félagsliða í nærsamfélaginu (sambýli, heilsugæsla, heimahjúkrun, heimilishjálp, sjúkrahús). Jafnframt verður farið í helstu þætti endurlífgunar, viðbrögðum við slysum (112), slysavarnir og líkamsbeitingu. Kennt er einu sinni í viku 2x40 mín á haustönn. Nemendur sem standast námskröfur greinarinnar fá eina einingu sem getur nýst síðar í framhaldsskólanámi.

Námsmat: Virkni og þátttaka (10%), skrifleg verkefni (45%), ratleikur/stöðvavinna (10%), kynning (25%), heimsóknarskýrsla (10%).

Kennt á mánudögum kl. 14:40-16:00 á haustönn í VMA.

Blak fyrir 8. – 10. bekk

Kennd verða undirstöðuatríði í blaki, uppgjafir, móttaka, fingurslag og smass, farið verður yfir stöður á vellinum í sex manna blaki og kenndar helstu reglur og tækniatriði til að auka skilning á íþróttinni. Valgreinin snýst einnig um að hafa gaman af íþróttinni og njóta þess að spila.

Þetta er próflaus áfangi og námsmat verður byggt á vinnusemi, mætingu og viðhorfi.

Kenndsla fer fram í Naustaskóla á þriðjudögum.

Boltaíþróttir fyrir 8. – 10. bekk

Markmið og kennsluaðferð: Áhersla er lögð á boltagreinar og ýmiskonar boltaleiki. Tilgangur með boltaíþróttum er m.a. til að efla líkamsþroska, bæta heilsufar og vekja áhuga á íþróttaiðkun til ástundunar utan skóla sér til heilsubótar og lífsfyllingar. Kennslunni er skipt niður í tímabil þar sem farið verður m.a. í: Fótbolta, blak, körfubolta, handbolta, hafnarbolta, bandý, sundknattleik, ýmsa boltaleiki og margt fleira. Mikil fjölbreytni verður í tímunum og með því móti er reynt að gera kennsluna áhrifameiri, líflægri og skemmtilegri.

Námsmat: Námsmat er framkvæmt í lok hvorrar annar. Það byggist á ástundun, framförum og hegðun.

Borðspil fyrir 8. – 10. bekk

Markmið og kennsluhættir: Ætlað nemendum sem finnst gaman að spila eða vilja öðlast meiri þekkingu á spilum. Með spilum/spilatímum er áhersla á fjóra þætti:

- Þátt tungumálsins sem skiptir sköpum, en nemendur þurfa að ræða saman eða eiga einhvers konar samskipti og tjáskipti.

- Stærðfræði og tengsl hennar við daglegt líf. Í öllum spilum er hægt að finna viðfangsefni sem tengjast stærðfræði og nemendur átta sig ekki alltaf á þeim lærdómi sem þeir öðlast með því að spila fjölbreytileg spil.
- Félagsleg samskipti, en í gegnum spil gefst gott tækifæri að þjálfa ýmsa félagslega þætti, s.s. samvinnu, samskiptareglur, að tapa, að sigra og gleðjast með öðrum.
- Fjölbreyttar kennsluáferðir, en þær skipta máli þegar ná skal markmiðum Aðalnámskrár.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum.

Kennt í Síðuskóla á mánudögum

Crossfit fyrir 8. – 10. bekk

Markmið: Crossfit stundað þar sem nemendum verður leiðbeint um grunnatriði hreyfingar, rétta líkamsbeitingu, fá alhliða styrktarþjálfun og grunnatriði matarræðis. Hver tími samanstendur af upphitun, æfingu dagsins og svo liðleika og/eða teygjuæfingar.

Námsmat: Út frá mætingu og áhuga

Kennt í Crossfit Hamar á mánudögum.

Félagsmálafræði (félagsmiðstöðvarnar) fyrir 9. og 10. bekk

Markmið

Að nemendur öðlist aukna félagslega færni.

Að nemendur efli félagslega þroska.

Að nemendur öðlist sterkari og jákvæðari sjálfsmynd.

Að nemendur læri að skipuleggja, undirbúa og framkvæma viðburði í félagslífi sínu.

Að nemendur þjálfist í samvinnu.

Að nemendur sýni frumkvæði.

Leiðir

Félagsmálafræði er valgrein þar sem lögð er áhersla á hópefli/leiki og umræður. Nemendur sem velja áfangann taka að sér að skipuleggja starfið í sinni félagsmiðstöð undir stjórn starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar (setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna þeim). Nemendur fá fjölbreytta fræðslu, bæði frá starfsmönnum félagsmiðstöðvanna og frá utanaðkomandi aðilum.

Þeir sem velja að vera í valinu eru nemendur sem hafa **áhuga** á því sem verið er að gera og hafa **áhuga** á félagsmiðstöðinni sinni. Einnig þurfa þeir að vera **virkir** þátttakendur, bæði í kennslutímum og í félagsmiðstöðvarstarfinu.

Á haustin er farið í sameiginlegt hópefli þar sem allir unglingar úr félagsmálafræði Akureyrar hittast og verja deginum saman í skemmtilegum leikjum og hópefli.

Viðburðir

Á haustin er farið í hópeflisferð. Góðgerðavaka félagsmiðstöðvanna er haldin í janúar og er aðeins fyrir nemendur í valinu þar sem safnað er peningurm til góðgerðamála með gistikvöldi. Viðburðir innan félagsmiðstöðva eru t.d. kaffihúsakvöld, áskorunarkvöld, þemakvöld og spilakvöld.

Sameiginlegir viðburðir Félak eru t.d. söngkeppni, Furðuverk (hönnunarkeppni), íþróttaviðburðir, spurningakeppni ofl.

Námsmat

Gefnir eru bókstafir eftir virkni, áhuga og mætingu nemenda.

Fluguhnýtingar og stangveiði fyrir 8. – 10. bekk

Námskeiðið samanstendur af hinum ýmsu þáttum stangveiðinnar. Í fluguhnýtingum er nemendum kennd undirstöðuatriðin og gerðar nokkrar algengar laxa- og silungaflugur. Lokaverkefnið er svo að hanna sína eigin flugu. Í stangveiði fara nemendur í kastkennslu með flugustöngum. Einnig fá nemendur fræðslu um allan þann búnað sem fylgir fluguveiði sem og hvernig á að umgangast náttúruna og íbúa vatna og áa. Þá vinna nemendur verkefni um veiðisvæði að eigin vali.

Kennslan verður nokkuð lotubundin því farið verður í tvær veiðiferðir sem dekkja töluverðan hluta tímafjöldna námskeiðsins. Gera má ráð fyrir að bóklegir tímar verði annaðhvort hálfsmánaðarlega eða vikulega á fyrirfram ákveðnum tíma yfir önnina.

Námsmat verður byggt á verkefnavinnu, lokaverkefni í fluguhnýtingum, virkni og þátttöku nemenda.

Æskilegast er að nemendur sem sækja námskeiðið hafi aðgang að flugustöngum og helst einnig öðrum veiðibúnaði.

Greinin hefur aðsetur í Glerárskóla á þriðjudögum á vorönn.

Franska fyrir 8.-10. bekk

Haust: Markmið áfangans eru:

- að nemendur fái grunnorðaförða í frönsku.
- að nemendur læri undirstöðuatriði í málfræði.
- að nemendur fái þjálfun í að hlusta á talað franskt mál.
- að nemendur geti tjáð sig með stuttum einföldum setningum á frönsku.
- að vekja áhuga nemenda á Frakklandi og franskri menningu.

Námsefni: Lesbók og vinnubókin *Carte blanche*. Kennari velur einnig efni úr öðrum bókum, auk þess að sýna franskar kvikmyndir og velja tónlistarefni. Í kennslunni verður Frakkland kynnt fyrir nemendum og reynt að vekja áhuga þeirra á landi og þjóð. Unnið verður með grunnorðaförða svo sem að heilsa, telja, að þekkja litina og stuttar almennar setningar. Farið verður í grunnmálfræðiatríði á borð við persónufornöfn, nafnorð, greini og grunnsagnir. Þá fá nemendur einnig tækifæri á að æfa framburð.

Kennsluhættir: Leitast verður við að nota fjölbreytta kennsluhætti. Leikir, innlög á töflu, hlustun, tjáning og samvinnunám verða höfð í fyrirrúmi í bland við einstaklingsverkefni.

Námsmat: Um verður að ræða leiðsagnar- og frammistöðumat yfir önnina þar sem kennari leiðbeinir hverjum nemanda á einstaklingsmiðaðan hátt.

Kennt í Lundarskóla kl. 14 á föstudögum.

Franska vor 2019, Markmið áfangans eru:

- að nemendur auki við orðaforða sinn.
- að nemendur bæti málfræðikunnáttu sína.
- að nemendur þjálfu talað mál.
- að nemendur fái aukna þjálfun í að hlusta á talað franskt mál.
- að nemendur kynnist enn frekar franskri menningu.

Námsefni: Lesbók og vinnubókin *Carte blanche*. Kennari velur einnig efni úr öðrum bókum, auk þess að sýna franskar kvikmyndir og velja tónlistarefni.

Meðal annars verður unnið með orðaforða tengdum fjölskyldunni, líkamanum, frönsku eldhúsi og náttúru Íslands. Nemendur kynna sér franskt samfélag og vinna verkefni sem tengist því. Bætt verður við málfræðiatríðum, svo sem beygingu sagna, neitun og þátíð. Aukin áhersla er lögð á talað mál og hlustun.

Kennsluhættir: Leitast verður við að nota fjölbreytta kennsluhætti. Leikir, innlög á töflu, hlustun, tjáning og samvinnunám verða höfð í fyrirrúmi í bland við einstaklingsverkefni.

Námsmat: Um verður að ræða leiðsagnar- og frammistöðumat yfir önnina þar sem kennari leiðbeinir hverjum nemanda á einstaklingsmiðaðan hátt.

Kennt í Lundarskóla kl. 14 á föstudögum.

Handverk og hönnun fyrir 8. - 10. bekk

Í þessari valgrein gefst nemendum tækifæri bæði til að endurnýta gamla hluti og einnig að skapa frá grunni. Unnið verður með hugmyndir af Pinterest - diy. Farið verður í Fjölsmiðjuna og /eða Hertex til að athuga með hluti til að gera upp eða endurnýta. Nemendur geta líka komið með verkefni að heiman. Fyrsta kennstundin fer í hugmyndavinnu og samræður en eftir það þurfa nemendur að hafa mótaðar hugmyndir um verkefni þannig að þeir séu ekki verkefnalausir í kennslustundum.

Námsmat byggir ástundun; mætingum og vinnusemi.

Kennt verður í Oddeyrarskóla á miðvikudögum á vorönn

Hársnyrtið í VMA fyrir 9. – 10. bekk

Markmiðið er að nemendur fái innsýn í starf hársnyrtifólks. Farið í hárþvott, djúpnæringarnudd og almenna umhirðu á hári. Nemendur læra einnig að nota hárbólur, sléttujárn og önnur hitajárn ásamt því að setja í rúllur. Farið er í almenna umgengni, móttöku viðskiptavina og símsvörun. Einnig fá nemendur innsýn í umhirðu húðar og snyrtingar.

Áfanginn getur aðstoðað nemendur við að sjá hvort þeim finnst fagið áhugavert og hvort það sé eitthvað sem þeir geti hugsað sér að leggja fyrir sig í framtíðinni.

Námsmat: Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni.

Kennt fer fram á mánudögum og þriðjudögum og fimmtudögum kl.14:40-16:00 á vorönn í VMA.

Heilsurækt á Bjargi fyrir 9. – 10. bekk

Fjölbreyttar æfingar undir leiðsögn íþróttakennara Síðuskóla og einnig koma kennarar Bjargs að kennslunni með sérhæfða tíma til kynningar.

Markmið námskeiðsins er því að kynna líkams- og heilsurækt fyrir nemendum og leyfa þeim að prufa þær fjölbreyttu leiðir sem eru í boði á heilsuræktarstöðvunum til hreyfingar. Einnig að þjálfar þol og þrek þátttakanda og undirstrika mikilvægi þess að hreyfing sé hluti að heilsusamlegum lífsstíl.

Boðið verður uppá fjölbreytta tíma í þolfimisal og tækjasal. Nemendum verður kennt á tækin í tækjasalnum og þeir fá æfingaáætlanir og læra að setja sér markmið.

Hentar vel þeim sem hafa áhuga fyrir því að stunda líkamsrækt.

Námsmat: Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni.

Kennsla fer fram á Bjargi við Bugðusíðu á miðvikudögum

Heimspeki fyrir 8. – 10. bekk

Heimspekitímarnir byggja á samræðum um lífið og tilveruna. Helstu markmiðin eru að þjálfar nemendur í heimspekilegri samræðu og efla með þeim gagnrýna hugsun. Fjallað verður um hvað heimspeki er og hver eru helstu viðfangsefni hennar. Aðallega verður notast við efni sem sótt er á ýmsa vefi um heimsspeki með börnum og unglingum til að kveikja umræður og kynna þau vinnubrögð sem notuð eru. Ýmis siðferðileg álitamál verða rædd og hver og einn skoðar hvers konar manneskja hann vill verða. Einnig verður fjallað um nokkra af þekktustu heimspekingum sögunnar og kenningar þeirra.

Lögð er áhersla á að nemendur taki þátt í umræðunum og myndi sér skoðanir sem þeir eru tilbúnir til að rökstyðja. Einnig að nemendur hlusti hver á annan og temji sér kurteisi þrátt fyrir skoðanaágreining.

Námsmat: Frammistaða í tímum og þátttaka í umræðum.

Kennt í Síðuskóla á mánudögum

Hetjur og skúrkar fyrir 8.-10. bekk

Fjallað um helstu skúrka og hetjur í kvikmyndum, bókmenntum, tónlist og jafnvel myndlist. Rætt verður um helstu skúrka og hetjur, hvernig þær birtast í bókmenntum og kvikmyndum, kosti þeirra og galla. Unnið verður með skapandi hugsun, gagnrýni og læsi nemenda.

Námsmat: Nemendur kynna eina hetju og einn skúrka, hvernig þeir birtast í sögunni/tónlist/kvikmynd. Nemendur ráða hvernig þau kynna t.d. með stuttmynd, veggspjald, glærुकyning, leikrit osfrv. Hvatt verður til skapandi skila.

Námsmat: Virkni og mæting.

Kennt í Brekkuskóla á þriðjudögum á haustönn.

Hjólaval fyrir 8. – 10. bekk

Forkröfur: **NEMENDUR VERÐA AÐ EIGA EÐA HAFA AÐGANG AÐ HJÓLI.**

Í hjólavali eru hjólaðar ýmsar leiðir, æfð tækni, farið yfir reglur og útbúnað. Einnig er farið yfir viðhald á hjólinu.

Hjólaferðir

Farið verður í hjólaferðir, bæði á götu og á utan vegar stígum (Hlíðarfjall-Fálkafell-Kjarni-Lögmanshlíð-Krossanesborgir). Farið verður bæði í styttri og lengri ferðir. Farið í ýmis tækniatriði.

Reglur og útbúnaður

Farið yfir reglur sem fylgja hjólreiðum og útbúnað. Farið yfir hverju er mikilvægt að huga að til að halda hjólinu sínu við.

Markmið með valgreininni er að nemendur:

- Kynnist hjólreiðum frá ýmsum sjónarhornum
- Kynnist reglum og útbúnaði
- Læri að huga að hjólinu sínu
- Kynnist öllum þeim fjölmörgu hjólaleiðum sem eru í boði á Akureyri

Námsmat: Símat með áherslu á virkni, hegðun, frumkvæði og vinnubrögð

Kennari: Sigrún Kristín Jónsdóttir

Tími: Haust

Greinin hefur aðsetur í Lundarskóla á miðvikudögum.

Hönnunar- og tæknismiðja fyrir 9. og 10. bekk

Áhersla er lögð á stafræna framleiðslu, hönnun og nýsköpun. Nemendur læra á þrívíddarprentara og önnur forrit og tæki sem tengjast stafrænni tækni. Farið verður í heimsóknir og unnin verkefni í samstarfi við FabLab í Verkmenntaskólanum á Akureyri ásamt því að vinna verkefni í Lundarskóla.

Kennt á mánudögum, eina önn í senn.

Iðnir og tækni - Slippurinn - fyrir 9. og 10. bekk.

Kynning á iðn- og tæknistörfum, ætluð nemendum í 9. og 10. bekk í grunnskólum á Akureyri.

Markmið: Valáfanganum er ætlað að vekja áhuga nemandans á iðn- og tæknigreinum og kynna honum fjölbreytt störf og starfstækifæri sem þær greinar hafa upp á að bjóða. Námið er fjölbreytt og byggir á fræðslu, vettvangsferðum og verklegum æfingum.

Námið fer fram í Slippnum og þeir sem halda utan um áfangann eru iðn- og tæknimenntað starfsfólk Slippisins ásamt umsjónaraðila frá grunnskólum Akureyrar.

Skilyrði fyrir þátttöku er góð skólasókn í 8. og 9. bekk.

Gert er ráð fyrir þátttöku stráka og stelpna í greininni.

Hæfniviðmið:

Að kynna nemendum þau fjölbreyttu tækifæri sem liggja í iðn- og tæknigreinum

Að nemendur fræðist um iðn- og tæknistörf sem unnin eru í Slippnum og DNG. Þær greinar sem sérstaklega verða kynntar eru vélsníði, stálsníði, rennismiði og tæknistörf í DNG.

Að nemendur upplifi hvernig er að vinna við iðn- og tæknistörf

Að nemendur fái fræðslu um öryggismál

Námsþættir: Námið er fjölbreytt og er bæði verklegt og bóklegt og miðar að því að tengjast atvinnulífinu. Farið verður í vettvangsferðir og verður heimasíða og samfélagsmiðlar nýttir til kynningar á valgreininni (dagbók, viðtöl, video, ljósmyndir o.fl.) .

Matsviðmið: Ástundun, þátttaka og skil á vefdagbók.

Greinin fer fram í Slippnum og fleiri fyrirtækjum á vorönn á föstudögum

Körfuboltaskóli fyrir 8. – 10. bekk

Lögð verður áhersla á undirstöðuatriði körfuboltans auk leikja og ýmissa keppna. Nemendur fá tækifæri til að bæta skotfimi sína, fá leiðbeiningar um varnarleik og auka leikskilning. Fyrst og fremst snýst valgreinin um að hafa gaman af og njóta þess að spila körfubolta. Þetta er próflaus áfangi þar sem metið verður út frá vinnu- og áhugasemi og framkomu.

Kennsla fer fram í Naustaskóla á mánudögum.

Leður, leir og mósaik fyrir 8. – 10. bekk.

Leðurvinna (12 vikur)

Unnið verður með leður og geta nemendur valið um að gera t.d. handsaumuð pennaveski, litlar töskur, peningabuddur, seðlaveski og lyklakippur, skartgripi, nælur, armbönd, belti og hálskart. Einnig saumað stærri töskur, formað grímur og myndverk og skreytt með perlum hrosshári og fl.

Leirmótun (8 vikur)

Nemendur vinna leirmuni að eigin vali, í samráði við kennara, sem fela í sér hugmyndavinnu, verklega útfærslu og myndræna framsetningu í formi og lit. Kynntar verða mismunandi aðferðir við leirmótun, hönnun hluta, áferð, munsturgerð og litaval og unnið með þær hugmyndir í verkefnavinnunni eftir því sem tími vinnst til. Unnið verður með jarðleir og reynt eftir aðstæðum að bjóða upp á fjölbreytta útfærslumöguleika eftir áhuga nemenda hverju sinni. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og skapandi úrlausnir verkefna. Nemendur tileinki sér góða umgengni um efni og áhöld.

Mósaik (12 vikur)

Unnið verður með 3mm litað gler, spegla og etv eitthvað annað efni sem til fellur. Verkin verða frekar stór, ca. 30x60 cm – 50x60 cm. Veggmyndir, speglar, borðplötur, blómavasar (á vasana notum við málað eggjaskurn) o.fl.

Þegar verkin eru búin eru settar veggfestingar aftan á eða annað sem þarf.

Námsmat: Byggist á símati þar sem virkni, frumkvæði, úrvinnsla hugmynda og vinnubrögð er notað sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess er byggt á sjálfsmati nemenda og einstök verkefni metin í samræmi við markmið.

Kennt verður í Glerárskóla á þriðjudögum

Leiklist fyrir 8. - 10. bekk

Nemendahópurinn spinnur leikrit út frá sögum eða ævintýrum. Hann velur sér stíl til að vinna verkið í og ákveður stað og stund. Hann ákveður hvaða persónur haldast inni og hvort einhverjar aðrar persónur bætist við. Við skoðum söguna og textann og sjáum hvar við getum gert skemmtilega útdúringu eða undirstrikað hluti sem fara oft fram hjá manni í sögunum. Hluti af námskeiðinu er að læra að það þurfi ekki glæsilega búninga, hárgreiðslur, andlitsmálningu og þess háttar til að gera skemmtilega sýningu. Við notumst frekar fjölbreytta leikmuni og líkama leikaranna til að gera "leikmynd" og þess háttar. Áhersla verður lögð á virkjun ímyndunarafslins, karakatersköpun og framsögn.

Um miðjan nóvember taka við kvöldæfingar fyrir sýningu sem verður í lok nóvember eða byrjun desember. Kvöldæfingarnar verða u.þ.b. þrjár, 3-4 klukkustundir í senn.

Námsmat: Virkni, frumkvæði og þátttaka.

Líkamsrækt fyrir 9. og 10. bekk

Fjölbreyttar æfingar undir leiðsögn grunnskólakennara með langa og víðtæka reynslu af líkamsræktarþjálfun.

Markmið námskeiðsins er að kynna líkams- og heilsurækt fyrir nemendum og leyfa þeim að prófa þær fjölbreyttu leiðir og aðferðir sem eru í boði á heilsuræktarstöðvunum. Einnig að þjálfar þol, þrek og rétta líkamsbeitingu og undirstrika mikilvægi þess að hreyfing sé hluti að heilsusamlegum lífsstíl. Boðið verður uppá fjölbreytta tíma í líkamsræktarsal.

Námsmat: Tekið er tillit til mætinga, virkni og áhuga. Umsögn um hvern nemanda.

Kennsla fer fram á þriðjudögum í KA- heimilinu (í sal Training for Warriors) og á miðvikudögum í Heilsuþjálfun við Tryggvabraut.

Ljósmyndun – myndvinnsla

Helstu áhersluatriði: Námskeiðið byggir á að nemendur kynnist og fái nokkra þjálfun í að taka ljósmyndir og vinna með þær í myndvinnsluforriti í tölvu /i-pad. Farið verður yfir nokkrar grunnhugmyndir ljósmyndunar s.s. myndefni og myndbyggingu í formi og lit og helstu möguleika tækninnar til að klippa og breyta ljósmyndum. Nemendur vinna æfingaverkefni sem þjálfar færni þeirra á þessu sviði. Nemendur eru hvattir til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi úrlausna.

Námskeiðið er hugsað fyrir byrjendur og þá sem ekki hafa mikla reynslu af því að taka myndir og vinna með þær í myndvinnsluforritum. Nemendur þurfa sjálfir að hafa myndavél eða annað tæki til myndatöku auk viðeigandi snúru til að færa myndir yfir í tölvuna. Kennit verður hálfan veturinn, tvær kennslustundir í senn (ca. 13-14 skipti).

Námsefni; er byggt er á ýmsum upplýsingum um grunnþætti ljósmyndunar og myndvinnslu, námsefni á báðum sviðum úr bókum, vefsíðum, kynningarmyndböndum, auk ýtarefnis frá kennara.

Helstu kennsluaðferðir eru: kynning/ innlögn frá kennara, einstaklingsleiðsögn, vettvangsathuganir og verklegar æfingar.

Námsmat: Leiðsagnarmat byggt á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla hvað varðar hugmyndavinnu, tækniþjálfun og framkvæmd. Tekið verður tillit til virkni og vinnubragða, umgengni um efni og áhöld og frágangi á vinnusvæði. Vinnuferli metið ásamt lokaverkum.

Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir

Kennt í Glerárskóla

Margmiðlun og snjalltæki fyrir 8. – 10. bekk.

Markmið að nemandi:

-læri á fjölda forrita sem hægt er að nota bæði í daglegu lífi og námi.

-efli hæfileikann til að skapa, uppgötva, hanna og setja fram nýjar hugmyndir.

-nýti tækni á jákvæðan hátt í sínu námi.

-læri fjölbreyttar aðferðir við að koma frá sér efni með notkun tækni.

-náí að tileinka sér góð vinnubrögð við að skapa frambærilegt efni með notkun tækni.

Áhersla er lögð á fjölbreytni og að hver nemandi fái að nýta sína hæfileika sem best.

Notaðir verða mismunandi miðlar og forrit eftir eðli verkefna hverju sinni.

Kennsluaðferðir verða sýnikennsla og jafningjafræðsla þar sem nemendur vinna saman að því að leysa fjölbreytt verkefni.

Fjölbreytt forrit í tölvum, spjaldtölvum og sínum.

Námsmat: Sjálfstæði, frumkvæði, virkni, ástundun og frágangur.

Kennt verður í Oddeyrarskóla fyrir áramót

Margmiðlun og snjalltæki fyrir 8. – 10. bekk – **stúlkur-vormisseri**

Margmiðlun og snjalltæki - stúlkur

Markmið að nemandi:

-læri á fjölda forrita sem hægt er að nota bæði í daglegu lífi og námi.

-efli hæfileikann til að skapa, uppgötva, hanna og setja fram nýjar hugmyndir.

-nýti tækni á jákvæðan hátt í sínu námi.

-læri fjölbreyttar aðferðir við að koma frá sér efni með notkun tækni.

-náí að tileinka sér góð vinnubrögð við að skapa frambærilegt efni með notkun tækni.

Áhersla er lögð á fjölbreytni og að hver nemandi fái að nýta sína hæfileika sem best.

Notaðir verða mismunandi miðlar og forrit eftir eðli verkefna hverju sinni.

Kennsluaðferðir verða sýnikennsla og jafningjafræðsla þar sem nemendur vinna saman að því að leysa fjölbreytt verkefni.

Fjölbreytt forrit í tölvum, spjaldtölvum og sínum.

Sérstök áhersla verður á að höfða til stúlkna og hvetja þær til að sækja þetta val

Námsmat: Sjálfstæði, frumkvæði, virkni, ástundun og frágangur.

Kennt verður í Oddeyrarskóla eftir áramót

Náttúrufræði/Raungreinar (verkl.) fyrir 9.-10. bekk

Efnafræði/Líffræði/Eðlisfræði/Stærðfræði

Fyrir áramót verður farið í efnafræði og líffræði:

Í efnafræði er atómið skoðað, hvernig atóm mynda sameindir og síðan eru eiginleikar einstakra sameinda skoðaðir. Samanburður milli eiginleika efna, sýrur og basar, ástandsform, fellingar jónefna, rafgreining vatns, títrun til að ákvarða styrk efna, hvarfhraði efnahvarfa (einnig tengt líffræði), áhrif hvata og hita - og ýmsar einfaldar mælingar og tilraunir.

Í líffræði verður lífheimurinn skoðaður, örverur ræktaðar í agar, tengsl vaxtar og hitastigs skoðað, frumur skoðaðar og stærri lífverur krufðar. Órofa samspil manns, náttúru og samfélags skoðað. Frá sameind til seildýra.

Reiknað er með að helmingur tíma verði verklegur, tilraunir eða önnur verkefni, unnin í hóp eða einstaklingsverkefni.

Námsmat: Verkefnamappa með verkefnum og verkseðlum allra verklegra æfinga. Vinnusemi í tímum.

Eftir áramót verður farið í eðlisfræði og stærðfræði.

Í eðlisfræði er samband vegalengdar og tíma skoðað, hraði og hröðun. Grafísk framsetning og mælingar. Þyngdarhröðun. Einnig verða hugtökin orka og afl skoðuð með tilliti til notkunar í daglegu lífi.

Í stærðfræði verða algebra og rúmfræði meginviðfangsefnið. Rúmmál og flatarmál, mælingar á umhverfisstærðum tengdum verkfræði, einföld notkun hornafalla við ýmsar mælingar tengdar eðlisfræði. Í algebru verða tengsl raungreina og algebru skoðuð og hvernig algebru má nota við að leysa eðlis- og efnafræðidæmi.

Reiknað er með að helmingur tíma verði verklegur, tilraunir eða önnur verkefni, unnin í hóp eða einstaklingsverkefni.

Námsmat: Verkefnamappa annar og nokkur stutt próf af ýmsum gerðum.

Kenntla fer fram í Lundarskóla á miðvikudögum.

Rafiðnir (IGK1812) fyrir 9. og 10. bekk. Kennt á vorönn í VMA.

Lýsing: Nemendur vinna ýmis smáverkefni sem tengja saman handverk og fræðileg viðfangsefni sem rafiðnaðarmenn fást við. Kynnt eru grunn atriði í rafmagnsfræði og ýmsir íhlutir skoðaðir. Nemendur kynnast einföldum verkfærum og mælitækjum og fá tækifæri til að prufa notkun þeirra.

Gerðar eru tilraunir sem tengjast rafmagns og segulfræði og áhersla lögð á þátttöku nemenda og

hugmyndaauðgi þeirra. Unnið er með hefðbundin ið raflagnaefni og einföld tengiverkefni framkvæmd. Einnig eru smíðuð einföld rafeindatæki.

Greinin er kennd í samstarfi við VMA. Kennt er einu sinni í viku 2x40 mín á vorönn. Nemendur sem standast námskröfur greinarinnar fá hana metna til eininga sem getur nýst síðar í framhaldsskólanámi.

Námsmat: Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni.

Kenntla fer fram í tveimur hópum á mánudögum og miðvikudögum kl. 14:40-16:00 á vorönn í VMA.

Rúllur, bolti, teygjur, slökun fyrir 8.-10. bekk

Lýsing: Tímarnir verða í volgum sal. Þeir eru hugsaðir fyrir þá sem þurfa að losa um stífa vöðva, bæta liðleika og læra að slaka á. Mjög góðir tímar fyrir þá sem æfa mjög mikið.

Námsmat: Mæting, virkni og áhugi.

Kennt verður í Líkamræktarstöðinni Bjargi við Bugðusíðu á mánudögum

Skák fyrir 8.-10. bekk

Markmið: Að auka færni nemenda og áhuga á skáklistinni.

Fjallað verður um helstu reglur og aðferðir sem notaðar eru í skák, t.d. byrjanir, miðtöfl, endatöfl, fléttur og að máta. Farið verður yfir valda kafla úr skáksögunni og skákir meistara á borð við Morphy, Lasker, Capablanca, Aljekín, Botvinnik, Fischer, Karpov, Kasparov og Carlsen skoðaðar. Áhersla verður lögð á að skoða hvernig hægt er að nota tölvur til að auka færni sína í skák, bæði með því að tefla á netinu á www.Chess.com og með því að nota öflug skákforrit á borð við Stockfish og Houdini.

Kennari: Áskell Örn Kárasón. Kennslan fer fram í Íþróttahöllinni á miðvikudögum

Skíði og bretti í Hlíðarfjalli fyrir 8.-10. bekk

Markmið: Farið verður í grunnatriði skíðaíþróttar. s.s. svigskíði, gönguskíði og bretti. Aðallega er um verklegt nám að ræða en ef veður verður óhagstætt verður hluti námsins bóklegur. Framvinda kennslunnar fer eftir samsetningu hópsins. Búnaður fyrir nemendur er á staðnum.

Námsmat: mætingar, frammistaða, framfarir og áhugi.

Kenntla fer fram í Hlíðarfjalli á mánudögum í 8 vikna lotu á vorönn.

Skrautskrift fyrir byrjendur

Námskeiðið hentar öllum, hvort sem þeir telja sig skrifa vel eða illa.

Markmið: Kennd er ákveðin tækni við að skrifa. Algengasta skrautskriftin er notuð, þ.e. Italic Calligraphy. Á námskeiðinu eru kennd grunnatriði í skrautskrift, hvernig textar eru settir upp og hvernig má skreyta þá.

Efni: Þátttakendur fá einn skrautskriftarpenna en að öðrum kosti mæta þeir með sína eigin skrautskriftarpenna.

Kennari: Anna Guðrún Jóhannesdóttir

Kennt í Glerárskóla

Spænska I fyrir 8. – 10. bekk

Haust - byrjendur

Markmið með valgreininni er að nemendur:

- Kynnist máli og menningu í þeim löndum þar sem spænska er töluð.
- Öðlist færni í að tjá sig á spænskri tungu, og geti þannig svarað einföldum spurningum um sjálfan sig.
- Þjálfist í að skilja stuttar talaðar setningar á spænsku.
- Þjálfist í að lesa léttan texta og skrifa stuttar setningar.
- Læri grundvallaratriði í málfræði með íslenskt mál til hliðsjónar.
- Tileinki sér framburðarreglur og æfi framburð.

Helstu viðfangsefni:

- Orðaforði sem er byggður upp úr nánasta umhverfi og athöfnum daglegs lífs.
- Ýmsar tómstundir og afþreying ungs fólks eins og t.d. spænsk tónlist, kvikmyndir og leikir.

Leiðir og kennsluaðferðir: Spænsk tónlist og kvikmyndir, leshefti, vinnublöð, námsleikir/spil, annað margmiðlunarefni.

Námsmat: Munnleg verkefni, hóp- og einstaklingsverkefni og próf ásamt öðru.

Kennt verður í þeim skóla þaðan sem flestir nemendur koma.

Spænska II fyrir 8. – 10. bekk

Vor - framhald

Markmið með valgreininni er að nemendur:

- Fá í áframhaldandi kynningu á máli og menningu í þeim löndum þar sem spænska er töluð.
- Geti haldið uppi einföldum samræðum alfarið á spænsku.
- Þjálfist í að skilja lengri texta skrifaðan á spænsku.
- Þjálfist í að skrifa lengri texta á spænsku.
- Æfi framburð.

Helstu viðfangsefni:

- Orðaforði sem er byggður upp úr nánasta umhverfi og athöfnum daglegs lífs.
- Ýmsar tómstundir og afþreying ungs fólks eins og t.d. spænsk tónlist, kvikmyndir og leikir.

Leiðir og kennsluaðferðir: Spænsk tónlist og kvikmyndir, leshefti, vinnublöð, námsleikir/spil, annað margmiðlunarefni.

Námsmat: Munnleg verkefni, hóp- og einstaklingsverkefni og próf ásamt öðru.

Stjörnu- og jarðfræði 8.-10. bekk

Til umfjöllunar verða kenningar um tilurð alheimsins, stjörnur, stjörnumerki á himinhvolfinu, vetrarbrautir, sólkerfið okkar, jörðina og tunglið. Bókin *Sól, tungl og stjörnur* verður notuð og einnig margs konar efni af netinu sérstaklega af stjornufrædi.is. Áhersla verður lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði við verkefnavinnu. Nemendur vinna heimildaverkefni um valið efni og farið verður í stjörnuskoðun ef tækifæri gefst.

Námsmat: Áhugi og frammistaða í kennslustundum, einstaklings- og samvinnuverkefni.

Kennt verður á mánudögum klukkan í Síðuskóla

Tauprykk og fatalitun fyrir 8. – 10. bekk

Kennd verður meðferð nýrra tauprykkslita sem hafa fjölbreytta eiginleika og hægt að nota í hvaða vefjarefni sem er. Mismunandi aðferðir við þrykk verða kynntar, s.s. stimplar, stenslar, rammaþrykk o.fl. Nemendum verður kennt að útfæra hugmyndir sínar í vefjarefni, flíkur eða nytjahluti. Nemendur þróa og hanna stykki að eigin vali og geta blandað aðferðum með þrykkinu eins og útsaum og bútasaum.

Námsmat: Virkni og vinnubrögð í tímum metin.

Kennt í Giljaskóla á þriðjudögum kl. 13:30 í 160 mín. lotum hálf tónnám.

Tónlist í tölvu / i-pad

Helstu áhersluatriði: Nemendur kynnist einföldum hugbúnaði til að búa til tónlist og fá nokkra innsýn og þjálfun í að nota hann við eigin tónlistarsköpun. Kynnt verða undirstöðuatriði og uppbygging laga og nemendur gera tilraunir og vinna að eigin hugmyndum. Unnið verður með einfaldan hugbúnað sem hentar bæði byrjendum og hugsanlega þeim sem eru lengra komnir. Bæði verður notast við innbyggð hljóð og takt forritanna sjálfra og taktslátt, hljóð og ef til vill einfalt hljóðfæraspil nemenda við útfærslu eigin hugsmíða. Unnin verða æfingaverkefni, einstaklings- og samvinnuverkefni og nemendur skila í lokin afrakstri vinnunnar í formi eigin tónverks. Hvatt er til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi úrlausna.

Námskeiðið er ætlað byrjendum. Hvorki eru gerðar kröfur til þess að nemendur kunni á hugbúnað né hljóðfæri. Kennt verður hálfan veturinn, tvær kennslustundir í senn (ca. 13-14 skipti).

Námsefni; er byggt á námsbókum, vefsíðum og kynningarmyndböndum um tónlist í tölvum auk ítarefnis frá kennara.

Helstu kennsluáðferðir eru; kynning /innlögn við upphaf náms, einstaklingsleiðsögn og samvinna nemenda.

Námsmat: Leiðsagnarmat byggt á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla hvað varðar hugmyndavinnu, tækniþjálfun og framkvæmd. Tekið verður tillit til virkni og vinnubragða, umgengni um efni og áhöld og frágangs á vinnusvæði. Vinnuferli er metið ásamt lokaverkefni.

Kennt í Glerárskóla

Tréiðnir (IGK1712) fyrir 9. og 10. bekk í VMA.

Markmið: Nemendur kynnist vinnubrögðum í hinum ýmsu byggingagreinum, þekki og læri að fara með efni sem notuð eru og tileinki sér réttar vinnustellingar með tilliti til öryggisþátta.

Lýsing: Í áfanganum verður leitast við að gefa nemendum innsýn í verkstæðisvinnu á trésmíðaverkstæði. Unnin verða verkefni í vélum og höndum. Farið verður í útheflun, sögun, pússningu, borun, samsetningu og yfirborðsmeðferð. Verkefnin verða sniðin að nemendahópnum og miðuð að því að allir fari heim með smíðisgripi í annarlök. Mikilvægt er að nemendur mæti í fötum sem mega fá á sig lakk og bæs og geri sér grein fyrir því að á trésmíðaverkstæðum er ryk.

Greinin er kennd í samstarfi við VMA. Kennt er einu sinni í viku 2x40 mín á vorönn. Nemendur sem standast námskröfur greinarinnar fá eina einingu sem getur nýst síðar í framhaldsskólanámi.

Verkefni: Sparibaukur

Námsmat: Tekið er tillit til mætinga,frammistöðu og virkni. S/staðið eða F/fallið.

Kennsla fer fram í tveimur hópum á mánudögum og miðvikudögum á haustönn í VMA.

Yoga fyrir 8. og 10. bekk

Markmið og kennsluaðferð: Hér munum við kynnst jóga! Hvað er það, hvaðan kemur það, hvernig er það talið virka og af hverju er það talið virka svona vel?

Hver tími mun byggjast upp á umræðum/fræðslu, Hatha jógaflæði og djúpslökun.

Í upphafi annarinnar verða verklegar æfingar léttari en munu svo þyngjast eftir því sem á líður, þar til við í lokin munum reyna við erfiðari og meira krefjandi jógastöður.

Boðið verður upp á mikla fjölbreytni og mismunandi leiðir í jóga.

Við munum jafnvel fá til okkar gestakennara og fara í vettvangsferðir og upplifa jóga úti í náttúrunni.

Jóga getur hjálpað okkur að byggja upp sterkan og liðugan líkama en einnig getur jóga orðið lífslangt ferðalag sjálfsuppgötvunar sem færir þér sterkari sjálfsmýnd, hugarró, og innri hamingju.

Um leið og við fetum þessa braut, munum við ræða þætti sem hafa áhrif á sjálfsmýndina okkar – hvað eflir hana og hvað letur hana? Hvað getum við gert til þess að verða sjálföruggir og ánægðir einstaklingar? Hafirðu sterka sjálfsmýnd geturðu nefnilega gert allt það sem þú vilt og getur á auðveldari máta tekist á við þá hluti sem á vegi þínum verða!

Námsmat: Námsmat byggist á ástundun, áhuga, vinnusemi og hegðun í tímum.

Kennt verður í Síðuskóla á þriðjudögum og fimmtudögum.

Þjónusta/framreiðsla fyrir 9. og 10. bekk í VMA.

Kynningaráfangi í þjónustu. Framreiðsla á matvælabraut VMA

Markmiðið: Í áfanganum verður kynning á menntun og starfi framreiðslumanna. Nemendur læra að leggja á borð og skreyta borðin fyrir mismunandi tækifæri. Nemendur læra að gera óáfenga kokteila. Nemendur læra að nota kaffivél og gera kaffidrykki.

Námsmat: Tekið er tillit til mætinga,frammistöðu og virkni.

Kennsla fer fram í tveimur hópum á mánudögum og miðvikudögum kl.14:40-16:00 á haustönn í VMA.